

Eftirfylgni: *Hólaskóli – Háskólinn á Hólum*

Niðurstaða

Ríkisendurskoðun ítrekar ekki þær níu ábendingar sem stofnunin beindi til mennta- og menningarmálaráðuneytis og Hólaskóla árið 2014. Þær lutu að stöðu skólans innan háskólakerfisins, rekstri hans, skuld við ríkissjóð, viðskiptakröfum, uppsöfnuðum halla, aðgreiningu skólahaldis frá staðarhaldi á Hólum og nýtingu rekstraráætlunar sem stjórnækis.

Stofnunin telur mennta- og menningarmálaráðuneyti hafa að mestu brugðist við ábendingum um stöðu Hólaskóla, sem það gerir ráð fyrir að starfi áfram sem opinber háskóli. Ráðuneytið hefur gripið til aðgerða vegna uppsafnaðrar skuldar skólans við ríkissjóð og unnið hefur verið að því að koma viðskiptakröfum hans í eðlilegt horf. Ekki hefur þó tekist að reka skólann innan fjárheimilda. Þá tekur samþykkt áætlun skólans fyrir árið 2017 tillit til fjárhagsstöðu hans, bæði fjárveitinga vegna ársins 2017 og halla í rekstri. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að ráðuneytið tryggi raunhæfar rekstrarforsendur hans og að reksturinn rúmist ávallt innan fjárheimilda. Loks hafa forsendur skapast fyrir aðgreiningu á skóla- og staðarhaldi á Hólum og hvetur Ríkisendurskoðun ráðuneytið til að ljúka þeirri vinnu sem fyrst.

Ríkisendurskoðun telur Hólaskóla hafa að verulegu leyti brugðist við ábendingum um mat á viðskiptakröfum auk þess sem hann nýtir nú í auknum mæli rekstraráætlun hvers árs sem stjórnækis. Stofnunin bendir þó á að skólinn er enn rekinn með halla og leggur áherslu á að rekstur hans sé ætíð innan fjárheimilda. Vegna viðkvæmrar stöðu skólans mun stofnunin fylgjast áfram með þróuninni og taka málið upp að nýju verið þess þörf.

Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar 2011

Í skýrslunni [Hólaskóli – Háskólinn á Hólum](#) (2011) leitaði Ríkisendurskoðun svara við því hvort verkefni skólans væru vel skilgreind, hvort staða hans innan háskólakerfisins væri skýr og hvort hann ætti sér framtíð í þáverandi mynd. Í ljósi alvarlegrar fjárhagsstöðu skólans var einnig fjallað um rekstur hans og efnahag. Í skýrslunni beindi stofnunin sjö

ábendingum til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í fyrsta lagi þyrfti að ákveða stöðu skólans til framtíðar. Í öðru lagi þyrfti að tryggja að rekstur hans rúmaðist ávallt innan fjárheimilda. Í þriðja lagi þyrfti að finna varanlega lausn á skuld hans við ríkissjóð. Í fjórða lagi yrðu viðskiptakröfur skólans að gefa rétta mynd af stöðu hans. Í fimmta lagi þyrfti ráðuneytið að samþykkja rekstraráætlun skólans innan tímamarka. Í sjötta lagi þyrfti að flýta aðgreiningu skóla- og staðarhaldis á Hólum. Í sjöunda lagi þyrfti ráðuneytið að gera samning við skólann um kennslu og rannsóknir.

Ríkisendurskoðun beindi þremur ábendingum til Hólaskóla. Í fyrsta lagi þyrfti rekstur skólans að vera í samræmi við fjárheimildir. Í öðru lagi yrðu viðskiptakröfur að vera rétt metnar. Í þriðja lagi þyrfti að nýta rekstraráætlun skólans sem stjórnækis.

Ábendingar árið 2014

Í eftirfylgniskýrslu sinni árið 2014 ítrekaði Ríkisendurskoðun allar ábendingar sínar til mennta- og menningarmálaráðuneytis nema þá að ráðuneyti gerði samning við Hólaskóla um kennslu og rannsóknir. Stofnunin ítrekaði allar ábendingar sínar til skólans.

Í svari mennta- og menningarmálaráðuneytis árið 2014 kom m.a. fram að unnið væri að stefnumótun fyrir háskólakerfið og að ekki væri að vænta ákvörðunar um stöðu Hólaskóla fyrr en að þeirri vinnu lokinni. Unnið væri að því að tryggja að rekstur skólans rúmaðist innan fjárheimilda með aðhaldsaðgerðum. Sótt hefði verið um auknar fjárveitingar til að greiða uppsafnaðan halla. Tekið hefði verið til í viðskiptakröfum skólans og unnið væri að aðgreiningu á staðar- og skólahaldis á Hólum.

Í svari Hólaskóla kom fram að unnið hefði verið að því að halda rekstri skólans innan fjárheimilda. Viðskiptakröfur hefðu verið innheimtar með markvissum hætti og óinnheimtanlegar kröfur afskrifaðar. Þá væri rekstraráætlun í auknum mæli nýtt sem stjórnækis í rekstri skólans.

Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2017

Í nóvember 2016 óskaði Ríkisendurskoðun eftir því að mennta- og menningarmálaráðuneyti og Hólaskóli lýstu því hvernig brugðist hefði verið við ábendingum stofnunarinnar frá 2014. Svör bárust í janúar 2017.

Í svari sínu benti mennta- og menningarmálaráðuneyti á að ekki séu áform um grundvallarbreytingu á hlutverki eða viðfangsefnum Hólaskóla. Í niðurstöðum úttektar Gæðaráðs íslenskra háskóla á skólanum árið 2013 komu fram áhyggjur vegna námsumhverfis hans. Brugðist var við þeim með sérstakri framkvæmdaáætlun um úrbætur. Í febrúar 2016 fylgdi Gæðaráð ábendingum sínum eftir og var niðurstaðan sú að trausti var lýst á námsumhverfi Hólaskóla og skipan þeirra mála til framtíðar. Telja verður því að ráðuneytið hafi komið til móts við ábendingu Ríkisendurskoðunar um stöðu skólans.

Samkvæmt ríkisreikningi árið 2015 var höfuðstóll Hólaskóla neikvæður um 189 m.kr. og rekstrarstaða neikvæð um 19,5 m.kr. Árið 2016 fékk skólinn 161,2 m.kr. aukaframlag frá ríkissjóði og var höfuðstóll í lok þess árs neikvæður um 42,6 m.kr. og rekstrarstaða neikvæð um 14,8 m.kr. Skólinn er því enn rekinn með halla þótt staðan sé mun betri en áður. Samkvæmt mennta- og menningarmálaráðuneyti er þrennt til ráða varðandi skuld skólans við ríkissjóð. Í fyrsta lagi þarf að tryggja að rekstur hvers árs sé í samræmi við fjárheimildir. Í öðru lagi þarf að létta uppsöfnuðum halla af skólanum og loks ætti hann ekki að vera með handbært fé í sinni vörslu umfram það sem reksturinn krefst hverju sinni. Ráðuneytið mun vinna áfram með stjórnendum skólans að því að rekstur hans rúmist innan fjárheimilda. Þá fékkst sérstök 15 m.kr. fjárveiting í fjárlögum 2017 til að bæta stöðu hans. Ríkisendurskoðun telur að fjármál skólans séu að þróast í rétta átt en tryggja þarf að rekstur hans sé ávallt innan fjárheimilda. Stofnunin mun fylgjast með þróuninni og taka málið upp að nýju verði þess þörf.

Í svörum mennta- og menningarmálaráðuneytis kom fram að átak hafi verið gert í afskriftum eldri krafna Hólaskóla og séu nú fáar kröfur eftir sem skólinn telji innheimtanlegar. Þá kemur fram í svari ráðuneytisins að samþykkt áætlun skólans fyrir árið 2017 miði við fjárhagsstöðu hans, bæði fjárveitingar ársins 2017 og halla undanfarandi ára. Gert sé ráð fyrir að rekstrarafkoma skólans verði jákvæð um 2,1 m.kr. á árinu 2017. Loks bendir ráðuneytið á að

skapast hafi grundvöllur til viðræðna við Sveitarfélagið Skagafjörð um þjónustu þess á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Vonast sé til að á árinu 2018 verði hægt að ganga frá samningi þar um sem byggir á sambærilegum samningi og gerður var milli Borgarbyggðar og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að gengið verði frá þessu samkomulagi sem fyrst þannig að aðskilja megi skólahlald og staðarhald á Hólum.

Í svari Hólaskóla kom fram að þótt hækkun fastrar fjárveitingar hafi ekki gengið eftir blasi við önnur mynd með 15 m.kr. hækkun á framlögum til skólans í fjárlögum 2017. Rekstraráætlun 2017 sýni að fjárheimild skólans auk sértekna muni standa undir rekstrarkostnaði og skila tekjuafgangi í lok árs. Í áætluninni er tekið tillit til rekstrarhalla ársins 2016 og hann greiddur upp. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að skólinn tryggi að rekstur rúmist ætíð innan fjárheimilda.

Hólaskóli horfir til þess að ný fjármálastefna ríkisins bæti rekstrarhorfur skólans þar sem samtal ráðuneyta og stofnana þeirra styrkist með tilkomu nýrra starfshátta. Þá kemur fram í svari skólans að frá árinu 2014 hafi hann haldið áfram að afskrifa kröfur í samráði við Ríkisendurskoðun. Loks hefur skólinn nýtt rekstraráætlun við stjórnun skólans frá árinu 2014 í auknum mæli. Ríkisendurskoðun telur að með þessu hafi skólinn komið til móts við ábendingar hennar.

Um úttektina

Úttekt þessi er unnin með vísan í 6. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um stjórnáætlunendurskoðun (ISSAI 300 og ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun úttektarskýrslum sínum jafnan eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum þeirra. Slík eftirfylgni fer fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslna og leggur stofnunin þar megináherslu á að kanna hvort þeir anmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Hólaskóli fengu drög að þessari eftirfylgniskýrslu til umsagnar og þakkar stofnunin þessum aðilum fyrir aðstoð og upplýsingar við gerð hennar.